



Fréttatilkynning frá  
skrifstofu forseta Íslands

## EYRARRÓSIN MENNINGARVERÐLAUN Á LANDSBYGGÐINNI

Eyrarrósinn, verðlaun fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni, verður afhent á Bessastöðum í dag miðvikudaginn 21. febrúar kl. 16:00. Dorrit Moussaieff forsetafrú mun afhenda verðlaunin en hún er sérstakur verndari Eyrarrósarinnar. Þetta er í þriðja sinn sem Eyrarrósinn er veitt.

Markmiðið með Eyrarrósinni er að stuðla að auknu menningarlífi á landsbyggðinni, auka kynningarmöguleika einstakra sveitarfélaga og landsluta og skapa sóknarfæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu.

Þrjú verkefni hafa verið tilnefnd til verðlaunanna úr hópi fjölmargra umsækjenda. Verðlaunin eru ein og hálf milljón króna og sérstakt listaverk eftir Steinunni Þórarinsdóttur myndlistarmann.

Verkefnin sem tilnefnd eru til Eyrarrósarinnar 2007 eru:

1. Safnasafnið í Eyjafirði, en sýningar safnsins hafa borið vitni um faglegan metnað þar sem stefnt er saman ýmsum listastefnum og tvinnuð saman starf hámenntaðra listamanna og áhugafólks.
2. Skálholtshátíð, en tónlistarhátíðin Sumartónleikar í Skálholtskirkju hefur verið starfrækt frá árinu 1975. Mikill fjöldi innlendra og erlendra tónlistarmanna hefur komið þar fram og er hátíðin elsta og jafnframt stærsta sumartónlistarhátíð landsins.
3. Strandagaldur á Ströndum sem staðið hefur að fjölbreyttum verkefnum og sýningum á sviði þjóðfræði þar sem lögð er áhersla á íslenska þjóðtrú og sögu með fagþekkingu og rannsóknir að leiðarljósi. Safnið hefur haft jákvæð áhrif á byggðaðróun og atvinnulíf sýslunnar enda á verkefnið sér enga hliðstæðu í öðrum löndum.

Nánari upplýsingar um verkefnin sem tilnefnd eru til Eyrarrósarinnar og fyrirkomulag verðlaunanna veitir framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík, Hrefna

Haraldsdóttir (hrefna@artfest.is; sími 561-2444) eða Guðrún Kristjánsdóttir  
kynningarstjóri Listahátíðar (gudrun@artfest.is; sími 891-9683).

Eyrarrósinn á rætur sínar í samkomulagi sem Listahátíð í Reykjavík,  
Byggðastofnun og Flugfélag Íslands gerðu árið 2004 um eflingu menningarlífs á  
landsbyggðinni. Nýr samningur um samstarfið verður undirritaður á Bessastöðum í  
dag í tengslum við verðlaunahátíðina.

Fjölmiðlum er boðið að vera viðstaddir verðlaunaathöfnina og eiga viðtöl við  
fulltrúa allra verkefnanna sem tilnefnd eru að meðtöldum fulltrúa þess verkefnis sem  
verðlaunin hlýtur.

*Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson  
forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri.*

*21. febrúar 2007*